

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIV. árgangur.

I. hefti.

1994

Miðvikudaginn 5. janúar 1994.

Nr. 508/1993.

Sæplast hf.

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Guðmundi Óskarssyni,

Guðmundi Þormóðssyni og

Heiðmundi Sigurmundssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Aðild. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 14. desember. Kærð er ákvörðun Sigurðar T. Magnússonar, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur, er tekin var í þinghaldi 21. október 1993, að verða við þeirri beiðni varnaraðila að skipa skiptastjóra í þrotabúi Tækniplasts hf., en jafnframt laut beiðnin að endurupptöku gjaldþrotaskipta á þrotabúinu, er hófust 15. desember 1988, en lauk 30. júní 1992. Krefst sóknaraðili þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Kærumálið á rætur að rekja til kaupsamnings, er sóknaraðili og Tækniplast hf. gerðu með sér. Ágreiningur reis um efndir samningsins. Höfðaði Tækniplast hf. af því tilefni mál á bæjarþingi Garðabæjar, þingfest 15. desember 1987, og annað mál, þingfest 15. október 1991. Varð samkomulag um, að yngra málið hvíldi, uns dómur

lægi fyrir í eldra málinu. Hinn 4. mars 1993 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í því máli. Var hann á þá leið, að héraðsdómur og meðferð málsins að hluta voru ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Byggðist dómurinn á því, að bú Tækniplasts hf. tók ekki við rekstri málsins, eftir að það var tekið til gjaldþrotaskipta, og var enn formlegur aðili að því, er héraðsdómur var kveðinn upp, og lögmaður þess annaðist áfram rekstur þess án umboðs frá þrotabúinu. Þá var litið svo á í dómi Hæstaréttar, að óhjákvaðmílegt virtist eins og sakarefni málaanna væri háttáð, að þau yrðu sameinuð í eitt mál í héraði.

Beiðni varnaraðila um endurupptöku gjaldþrotaskipta í þrotabúi Tækniplasts hf. og skipun skiptastjóra í búinu var til komin í því skyni að halda áfram rekstri umræddra dómsmála.

Í kæru sóknaraðila segir, að aðild hans að máli þessu byggist á þeirri staðreynd, að hann hafi verulega hagsmuni af því, að málsókn fyrrum hluthafa í þrotabúi Tækniplasts hf. falli niður, en kröfuhafar í búinu hafi ekki staðið að málsókninni. Sóknaraðili sé hlutafélag, skráð á almennum markaði, og hafi málsókn þessi og áritun um hana í ársreikningum þess valdið félaginu skaða og óþægindum.

Enda þótt ósk varnaraðila um endurupptöku gjaldþrotaskipta í þrotabúi Tækniplasts hf. og skipun skiptastjóra tengist dómsmálum milli sóknaraðila og þrotabúsins, skapar það sóknaraðila engan rétt til afskipta af úrlausn þess álitaefnis. Skortir því lagaskilyrði fyrir kæru hans á framangreindri ákvörðun héraðsdómara og ber að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sæplast hf., greiði varnaraðilum, Guðmundi Óskarssyni, Guðmundi Þormóðssyni og Heiðmundi Sigurmundssyni, sameiginlega 60.000 krónur í kærumálskostnað.